

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1205/2003**

frá 4. júlí 2003

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tiltekna reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, framsetningu og vernd tiltekinnna vínafurða**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003<sup>(2)</sup>, einkum b-lið 80. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002<sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2086/2002<sup>(4)</sup>, er mælt fyrir um að hún skuli koma til framkvæmda 1. ágúst 2003 til að veita rekstraradilum í víngeiranum og hlutaðeigandi landsyfírvöldum nægan tíma til að undirbúa beitingu hinna nýju reglna um merkingar sem mælt er um í þeirri reglugerð.
- 2) Reglugerð (EB) nr. 753/2002 kveður á um aðlögunartímabil til 1. ágúst 2003 og á því tímabili er rekstraradilum heimilt að nota merkimiða og neytendaumbúðir með upplýsingum sem voru prentaðar í samræmi við gildandi ákvæði þegar vörurnar voru settar í dreifingu en eru ekki lengur í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 753/2002.
- 3) Í kjölfar viðræðna milli hlutaðeigandi landsyfírvalda og milli þeirra yfirvalda og atvinnugreinarinnar er nauðsynlegt að framlengja aðlögunartímann til 1. febrúar 2004 til

að gera rekstraradilum kleift að nota merkimiða og neytendaumbúðir sem eru í samræmi við fyrri ákvæði.

- 4) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 753/2002 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 753/2002 er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 47. gr.:

„Heimilt er að nota merkimiða og neytendaumbúðir með upplýsingum sem eru prentaðar í samræmi við ákvæði sem gilda fram að gildistöku þessarar reglugerðar, til 1. febrúar 2004.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júlí 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 118, 4.5.2002, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 321, 26.11.2002, bls. 8.